

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóvember 2023

Efni: Umsögn um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál á 154. löggjafarþingi.

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands (hér eftir samtökin) þakka fyrir tækifærið til að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Samtökin hafa áður skilað inn umsögn við málið í samráðsgátt stjórnvalda dags. 30. mars 2023.

Samtökin telja eins og áður hefur komið fram að betur hefði farið á því að leggja niður Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og endurhugsa kerfið í heild. En þar sem ætlun stjórnvalda er að starfrækja umræddan sjóð vilja samtökin koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Hlutlægt kerfi og lögbundin hlutverk í forgrunni

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem koma fram í frumvarpinu um mikilvægi þess að fjárhagslegt jöfnunarkerfi sé hlutlægt og byggt á traustum mælikvörðum og forsendum. Enn fremur er mikilvægt að kerfið rýri ekki athafnafrelsi eða dragi úr hvötum til umbóta og framfara.

Nauðsynlegt er að kerfið skapi rétta hvata en að mati samtakanna á það að vera meginhlutverk sjóðsins að aðstoða sveitarfélög vegna verkefna sem færð hafa verið frá ríki til sveitarfélaga og auðvelda aðlögun að þeim breytingum. Ganga megi lengra í þeim efnum að afnema framlög vegna ólögbundinna hlutverka en samtökin telja almennt skorta á rökstuðning fyrir framlögum sem veitt eru úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sveitarfélög mörg ósjálfbær og skortur á hvötum til sameiningar- og hagræðingar.

Mörg sveitarfélög ná ekki að uppfylla lögbundnar skyldur, eru ósjálfbær og rekstur þeirra gengur eingöngu upp vegna verulegrar aðstoðar í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélag. Hættan við núverandi nálgun er að kerfið gerir vel reknum sveitarfélögum erfiðara fyrir að skila góðum rekstri og ráðast í nauðsynlega innviðauppbýggingu þar sem þeim er gert að greiða háar fjárhæðir í ríkissjóð, sem deilir svo fjármuninum með mótframlagi aftur á víð og dreif, m.a. til samtaka sveitarfélaga og stofnana þeirra. Ef raunveruleg innistæða á að vera fyrir fjárhagslegu sjálfstæði sveitarfélaga, orkar tvímælis að þau treysti á umtalsvert fjárframlag frá ríkinu og öðrum sveitarfélögum í gegnum Jöfnunarsjóð.

Smæð og fámenni í mörgum sveitarfélögum takmarkar getu þeirra til að sinna lögbundnum skyldum og að veita þjónustu svo sómi sé að. Þrátt fyrir að tekjur sveitarfélaga hafi vaxið mikið á undanförunum árum hefur afkoma þeirra versnað til muna. Smærri sveitarfélög fá hlutfallslega mun hærri framlög úr Jöfnunarsjóði en þau stærri og er tilvist óhagkvæmra, smærri sveitarfélaga viðhaldið á kostnað þeirra sem hagkvæm eru. Samtökin telja að sjóðurinn tefji þannig fyrir hagræðingu á sveitarstjórnarstiginu og dragi úr hvötum fyrir sveitarfélög að leita leiða til að nýta skattfé sem best.

Samtökin telja rök standa til frekari sameiningar sveitarfélaga en þær eru almennt til þess fallnar að jafna sveiflur, ná fram hagræðingu og styrkja stoðir lögbundinnar þjónustu, auk þess sem ljósleiðaravæðing, stafvæðing og aðrar framfarir síðastliðinna ára hafa gert þær ákjósanlegri.

Fyrirkomulag úthlutana úr Jöfnunarsjóðnum má ekki skapa neikvæða hvata til rekstrarlegs aðhalds og sameininga hjá sveitarfélögum. Því er meðal annars jákvætt að ákvæði um skerðingar vegna vannýtingar útsvars hafi verið fellt brott.

Samtökin telja að þær breytingar á fyrirkomulagi Jöfnunarsjóðs sem eru lagðar til með frumvarpinu séu nauðsynlegar og almennt til góðs, að því sögðu hefði mátt ganga enn lengra og tryggja betur að hann styðji ekki við óhagkvæmni lítilla sveitarfélaga og laka fjármálastjórn.


Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Viðskiptaráðs Íslands



María Guðjónsdóttir